

123

27. des.

4. gr.

Húsdýr þau, er um getur í 1. gr., skal staðdeyfa eða svæfa áður en gelding fer fram. Til geldingar á yngri húsdýrum skal nota Burdizzo geldingatöng eða aðrar tengur af eigi lakari gerð.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um sölu og afhending deyfingarlyfja. Hann hlutast og til um, að dýralæknar landsins gefi mönnum kost á því að læra geldingar og meðferð deyfingarlyfja.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936, en framkvæmd þeirra má fresta til 1. maí 1937, að svo miklu leyti sem skortur hæfra geldingamanna gerir það nauðsynlegt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 27. desember 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

124

31. des.

L Ö G

um bæjargjöld á Ísafirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarkaupstaðar, skal, að því leyti, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, hús, bryggjur, uppfyllingar,

lóðir, byggðar og óbyggðar o. s. frv., að undanskildum fasteignum ríkissjóðs 124
og bæjarsjóðs, kirkjum, sjúkrahúsum, skólahúsum, bókasafnshúsum og öðr- 31. des.
um menningar- og líknarstofnunum.

2. gr.

Fasteignagjaldið skal vera:

- a. Af húsum og bryggjum 0.4%—1%.
- b. Af lóðum og öðrum fasteignum 0.1%—1%.
- c. Af lóðum og löndum, sem með sérstökum samningi við bæjarstjórn eða með samþykki hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskreita eða annara hliðstæðra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, 0,1%.

Gjaldið skal miða við fasteignamat, og skal það vera mismunandi, eftir því til hvers eignirnar eru notaðar, og af húsum enn fremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúafjölda, allt eftir nánari fyrir-
mælum í reglugerð.

3. gr.

Gjalddagi á gjöldum samkv. 1. og 2. gr. er 1. febrúar ár hvert, og hvíla gjöldin sem lögveð á fasteign þeirri, sem þau eru lögð á, og skulu ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum kröfum á eigninni.

Brenni hús eða skattskyldt mannvirki eyðileggist, hafa þessi gjöld forgangs-
rétt í bruna- eða skaðabótum.

4. gr.

Séu gjöld þessi ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal eigandi fasteignar greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi einum af hundraði fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, er liður frá gjalddaga, unz gjaldið er að fullu greitt.

5. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar setur með reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, nánari fyrirmæli um gjöld þessi, eftir því sem þurfa þykir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og er þá jafnframt úr gildi numin 18. gr. laga um bæjarstjórn á Ísafrði.

Bráðabirgðaákvæði.

Fasteignagjald samkv. lögum þessum greiðist hið fyrsta sinn árið 1936, og er gjalddagi þess ákveðinn hinn 1. júlí það ár.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.